

Fundargerð 343. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands föstudaginn 17. febrúar 2012

Árið 2012, föstudaginn 17. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir í símasambandi frá Tálknafirði, Guðný Sverrisdóttir í símasambandi frá Grenivík, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson í símasambandi frá Hvammstanga, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson í forföllum Ólafs Arnar Ólafssonar.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 342. fundar - 1101001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 342. fundar frá 18. nóvember 2011.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Ársreikningur hafnasambandsins 2011 - 0603008HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2011 áritaður af gjaldkera og reikningshaldara. Lagt til að ársreikningnum verði vísað til kynningar hjá aðildarhöfnunum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins. Afgreiðslu verði frestað þar til þessu er lokið.

Samþykkt var að ársreikningnum verði vísað til kynningar hjá aðildarhöfnunum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins. Afgreiðslu frestað þar til framangreindur er lokið.

3. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Fulltrúar hafnasambandsins í nefnd sem vinnur að endurskoðun hafnalaga, Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, gerðu grein fyrir störfum nefndarinnar. Meginatriði endurskoðunarinnar eru frágengin en enn er eftir að komast að niðurstöðu með örfá atriði. Hlé hefur verið á störfum nefndarinnar að undanfögnu þar sem formaður hennar hefur hætt störfum í innanríkisráðuneytinu. Formaður hafnasambandsins hefur óskað eftir því við innanríkisráðuneytið að starfinu verði haldið áfram sem fyrst þannig að unnt verði að ljúka verkefninu.

4. Hafnasambandsþing 2012 - 1111004HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings í Vestmannaeyjum 20.-21. september 2012.

Samþykkt var að fela formanni hafnasambandsins og formanni fræðslunefndar hafnasambandsins að vinna drög að dagskrá hafnasambandsþingsins og leggja fyrir næsta fund.

5. Beiðni um tilnefningu í ráðgjafarnefnd um stjórn vatnamála - 1202001HA

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 26. janúar 2012, þar sem óskað er tilnefningar á fulltrúa hafnasambandsins í ráðgjafarnefnd skv. 9. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 7. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera Umhverfisstofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem undir lögin heyra. Tilnefna þarf konu og karl, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þó er hægt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er hægt að tilnefna bæði karl og konu. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Samþykkt var að tilnefna Pétur Jóhannsson, hafnarstjóra Reykjaneshafna, og Gyðu Steinsdóttur, hafnarstjóra Stykkishólshafnar. Það þeirra sem ráðherra velur ekki verður varamaður hins. Tilnefningin er gerð með því skilyrði að ferðakostnaður fulltrúa hafnasambandsins verði greiddur af ráðuneytinu.

6. Þingsályktunartillögur um samgönguáætlun til fjögurra og 12 ára - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fjögurra ára 2011-2014, 392. mál - þskj. 533, og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til 12 ára 2011-2022, 393. mál - þskj. 534. Eftirfarandi umsögn samþykkt samhljóða:

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur tekið til umfjöllunar tillögu að þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022. Hafnasambandið leyfir sér að senda eina umsögn um báðar tillögurnar.

Tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2011 til 2022 er viðamikil og um margt metnaðarfull tillaga í samgöngumálum. Umsögn Hafnasambands Íslands beinist eingöngu að þeim þætti sem varðar beint hafnir og hafnamál.

Þau atriði sem Hafnasamband Íslands gerir athugasemdir og ábendingar um eru eftirfarandi:

- *Á það er bent að hafnir, sem hluti innviða í samgöngum á Ísland, eru mikilvæg samgöngum og efnahagslífi. Þeir fjármunir sem áætlað er að verja til hafnaframkvæmda á tímabili fjögurra ára áætlunar og langtímaáætlunar eru naumt skammtaðir. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun hafnalaga og standa vonir eigenda hafna til þess, að með endurskoðun á gildandi lögum varðandi framkvæmdastyrki þá verði nauðsyn á að hækka framlag til hafnaframkvæmda á tímabili áætlanna.*
- *Mikilvægt er að skerpa á fyrirætlun um mótun stefnu í hafnamálum og hlutverki hafna í samgöngukerfi landsins. Á síðustu árum hefur rekstur allflestra hafna verið afar bágborinn og geta þeirra til endurnýjunar og*

nýframkvæmda mjög lítil. Til framtíðar litið er nauðsynlegt að horfa til þess hvaða hafnir eigi að uppfylla gæðakröfur um aðstöðu og öryggi til þess að geta sinnt hlutverki sínu. Gæðakröfur í höfnum hafa í raun ekki verið skilgreindar heldur byggð hafnarmannvirki sem þjóna í senn vöruflutningum, fisklöndun, ferðaþjónustu og móttöku farþega. Átaks er þörf í þessum efnum að teknu tilliti til stærðar hafna og umsvifa.

- Það er skoðun Hafnasambands Íslands að skilja eigi áætlun um ferjuleiðir og aðstöðu fyrir ferjur frá umfjöllun um hlutverk hafna og framkvæmdum í höfnum. Ákvörðun um ferjuleiðir, rekstur ferja og uppbyggingar aðstöðu fyrir ferjur á að vera álfarið hjá ríkisvaldinu og eðlilegt að stefna í þeim efnum sé mótuð sérstaklega á þess vegum.*
- Hafnasamband Íslands lýsir yfir ánægju sinni með að horfa eigi til sjóflutninga sem raunhæfs valkostar vöruflutninga á landinu.*

Hafnasamband Íslands áréttar mikilvægi þess að horft verði til mikilvægis hafna í samgöngukerfi landsins. Í því efni er brýnt að þær hafnir sem nú þegar hafa verið byggðar og gegna lykilhlutverki í flutningum og útgerð verði sjálfbærar, en að öðrum höfnum sem eru forsenda atvinnulífs í byggðarlögum verði gert kleift að standa undir endurnýjun mannvirkja og nauðsynlegum nýframkvæmdum.

7. Frumvörp til laga um Farsýsluna og Vegagerðina - 1112001HA

Lögð voru fram frumvarp um Farsýsluna, 272. mál - þskj. 300, og frumvarp um Vegagerðina, 273. mál - þskj. 301, sem nú eru til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Samþykkt var að ítreka umsögn um þessi frumvörp, sem send var 3. mars 2011, en þá voru frumvörp um Farsýsluna og Vegagerðina einnig til umfjöllunar á Alþingi. Umsögnin er svohljóðandi:

Á Hafnasambandsþingi sem haldið var í Stykkishólmi dagana 23. og 24. september sl. var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Hafnasambandsþing haldið á Snæfellsnesi dagana 23. og 24. september 2010 tekur undir með stjórn Hafnasambands Íslands, sem telur það ekki viðunandi kost að sérþekkingu og þjónustu á sviði hafnamála sé dreift á fleiri ríkisstofnanir og leggst þingið eindregið gegn því að Siglingastofnun verði skipt upp.“

Af hálfu Hafnasambands Íslands er ekki lagst gegn því að stjórnarsýslu á sviði samgöngumála verði komið fyrir í einni stofnun ef það leiðir til hagræðingar, betri yfirsýnar um samgöngumál og markvissari vinnu við samgönguáætlun. Sú þróun er einnig víða að aðskilja stjórnarsýsluverkefni frá öðrum hlutverkum einstakra stofnana, m.a. til að forðast hagsmunaárekstur og óskýr mörk eftirlits og framkvæmda. Því gerir hafnasambandið ekki athugasemdir við frumvarp um Farsýslu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála.

Varðandi frumvarp um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála þá ítrekar Hafnasamband Íslands fyrri ályktanir sínar og hafnasambandsþinga um að brýnt sé að verja þá sérþekkingu á hafnamálum sem er að finna innan veggja Siglingastofnunar. Í greinargerð með báðum framannefndum frumvörpum er þess getið að samgönguráðherra hafi skipað nefnd um

framtíðarskipan stofnana í samgöngumálum. Fram kemur einnig í greinargerðum frumvarpanna að nefndin hafi skilaði skýrslu sinni „Framtíðarskipan stofnana samgöngumála. Greining og valkostir“ í lok júní 2009 þar sem kynntir voru fimm valkostir um stofnanaskipan, auk tillagna og ábendinga um meiri samhæfingu í samgöngumálum. Í þeirri skýrslu er megin tillaga nefndarinnar að könnuð verði nánar hugmynd um nýja stofnun hafs og strandar. Í skýrslu nefndarinnar segir m.a.:

„Mikil samlegð er milli verkefna Siglingastofnunar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu og afmarkaðra verkefna annarra stofnana s.s. Umhverfisstofnunar og Hafrannsóknarstofnunar.“

Það er skoðun Hafnasambands Íslands að innan stofnunar hafs og strandar myndi þjónusta við hafnir og sérþekking á málefnum hafna geta verið af þeim gæðum sem verið hefur innan Siglingastofnunar. Stjórn Hafnasambands Íslands telur samhliða þessu að hagsmunum hafna og mikilvægis þeirra fyrir samgöngukerfi landsins verði ekki vel skipað í framkvæmdastofnun sem hafi vegagerð sem meginverkefni. Þau rök eru færð fyrir þessari fullyrðingu að verkefni vegagerðar annars vegar og hafntengd verkefni hins vegar eru um flest óskyld og ekki til þess fallin að eiga samleið. Í þeim efnum er bent á fyrirkomulag í nágrannalöndum Íslands þar sem víða er lögð áhersla á öfluga stofnun á sviði hafs og strandar þar sem sérþekkingu í hafnargerð, öldu- og sjómælingum, rannsóknum, mengunarvörnum, öryggismálum og almennu eftirliti á hafinu er safnað saman í öfluga einingu. Reynslan innanlands sem erlendis sýnir að mikil þörf er fyrir íslenskt samfélag að hafa örugga og trausta skipan þessara mála. Meginrök Hafnasambands Íslands fyrir stofnun hafs og strandar eru eftirfarandi:

- Þjóð sem umlukin er hafi, sækir stærstan hluta efnahags síns til auðlinda hafsins og treystir að mestu á aðföng og útflutning með skipum er afar mikilvægt að eiga og reka stofnun með sérþekkingu á hafi og strönd.
- Ætla má að sameinuð verkefni og starfsemi stofnana, sem vinna að rannsóknum á hafinu, eftirliti nær og fjær ströndinni, bráðaaðgerðum, rekstri leiðsögu-, vöktunar-, eftirlits- og upplýsingakerfa og framkvæmdum eigi að leiða til hagræðingar í rekstri og aukinna gæða.

Því skorar stjórn Hafnasambands Íslands á Alþingi að samþykkja nú þegar að hefjast handa við undirbúning „Stofnunar hafs og stranda“.

Stjórn Hafnasambands Íslands gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þeirra tveggja frumvarpa sem hér eru til umsagnar en treystir því að hagsmunir hafna og þeirra verkefna sem lúta að hafi og ströndum landsins verði tryggðir til framtíðar í stofnun hafs og stranda.

8. Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. febrúar 2012, með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál - þskj. 451. Eftirfarandi umsögn samþykkt samhljóða:

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, 375. mál - þskj. 451. Stjórn hafnasambandsins gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 7. gr. frumvarpsins:

Í lokasetningu 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins hefur textinn „eftir því sem fé fæst til á fjárlögum“ verið felldur brott úr gildandi lögum.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir um 7. gr. í lokasetningu 3. mgr. „Þá er lagt til að Umhverfisstofnun geti í samráði við mengunarvarnaráð hafna, eftir því sem fé fæst til á fjárlögum, ákveðið uppbyggingu og endurnýjun á nauðsynlegum mengunarvarnabúnaði í höfnum landsins“.

Parna virðist sem umræddur texti hafi fallið brott við prentun frumvarpsins.

Það er tillaga Hafnasambands Íslands að „eftir því sem fé fæst til á fjárlögum“ verði bætt inn í frumvarpið að nýju.

Einnig er lagt til að inn í frumvarpið verði bætt ákvæði um að ríkissjóður standi straum af sértækum mengunarvarnabúnaði neyðarhafna, samanber „Greinargerð og tillögur starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdreyp á Íslandi - Tillögur til samgönguráðherra að skipulagi neyðarhafna og skipaafdreypa á Íslandi“, frá apríl 2008.

Skýringar:

Rökin eru að styrkhæfar hafnir verði styrktar til að koma sér upp mengunarvarnabúnaði og til að endurnýja úreltan mengunarvarnabúnað á sama hátt og er með slysavarnarbúnað hafna.

Í greinargerð og tillögum starfshóps um neyðarhafnir og skipaafdreyp á Íslandi og tillögum til samgönguráðherra að skipulagi neyðarhafna og skipaafdreypa á Íslandi, frá apríl 2008, er meðal annars ritað:

„3. Sértækur mengunarvarnabúnaður vegna neyðarhafna og skipaafdreypa.

Nefndin leggur til að aflað verði mengunarvarnabúnaðar sem verði tiltækur við mengunarslys utan hafna og við stærri mengunaróhöpp í neyðarhöfnum og skipaafdreypum. Nefndin leggur til að ríkissjóður standi straum af öllum kostnaði við kaup og rekstur á þessum búnaði. Ennfremur leggur nefndin til að Umhverfisstofnun beri ábyrgð á umræddum búnaði.

4. Kostnaður vegna mengunarvarna sem hlýst af notkun hafnar sem neyðarhafnar.

Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun stýri viðbúnaði og viðbrögðum við bráðamengun þegar starfað er eftir neyðarhafnaskipulagi í neyðarhöfn. Nefndin leggur til að Umhverfisstofnun ábyrgist greiðslu þess kostnaðar sem hlýst af þeim aðgerðum sem gripið er til samkvæmt fyrirmælum hennar.“

Um 8. gr. frumvarpsins:

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

„Höfnum landsins er heimilt að innheimta gjöld af mengunarvaldi, sem nemur kostnaði við starfsemi á vegum hafnanna vegna mengunar innan hafnarsvæða, samkvæmt gjaldskrá hvernar hafnar. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í tvö ár í viðkomandi skipi eða fasteign“.

Inn í 2. mgr. 21. gr. laganna bætist eftirfarandi:

Inn í textann „Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar (og við bætist) og að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, gjaldskrá fyrir eftirlit Umhverfisstofnunar vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun“.

Í stað textans „Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur tímagjaldi sérfræðings og ferðakostnaði hans“ komi textinn „Gjaldskráin skal m.a. taka til vinnuframlags, ferðakostnaðar og notkunar búnaðar“.

Skýringar:

Ein megin rökin fyrir setningu hafnalaga, nr. 61/2003 með síðari breytingum, voru þau að ráðherra væri óheimilt að setja höfnum landsins samræmdar gjaldskrár. Eðlilegast er því að hafnir setji sjálfar ákvæði í gjaldskrár sínar um innheimtu kostnaðar við aðgerðir vegna mengunar á hafnasvæðum.

Þegar kemur að þætti Umhverfisstofnunar eða annarra ríkisstofnana er eðlilegt að ráðuneyti viðkomandi stofnunar setji henni gjaldskrá að fenginni tillögu stofnunarinnar.

Það að bera tillögur Umhverfisstofnunar um gjaldskrá til handa stofnuninni undir Samband íslenskra sveitarfélaga lýtur að þeim þætti sem snýr að samskiptum Umhverfisstofnunar og hafnanna.

Að tryggja gjöld með lögveðsrétti í tvö ár er í samræmi við lögveðsrétt skipagjalda, samkvæmt hafnalögum.

9. Frumvarp til laga um umhverfisábyrgð - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um umhverfisábyrgð, 372. mál - þskj. 448.

Samþykkt var að gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

10. Þingsályktunartillaga um 12 ára fjarskiptaáætlun - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um 12 ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022, 342. mál - þskj. 418.

Samþykkt var að gera ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

11. Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun til fjögurra ára - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014, 343. mál - þskj. 419.

Samþykkt var að gera ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

12. Frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum - 1112001HA

Lagt fram erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. febrúar 2012, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum, 348. mál - þskj. 424.

Samþykkt var að gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

13. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Lagt fram yfirlit um stjórnarfundir á árinu 2012 fram til hafnasambandsþings.

Samþykkt var að stjórn hafnasambandsins heimsæki hafnir á norðanverðum Vestfjörðum dagana 10. og 11. maí nk. og óskað eftir því að Guðmundur Kristjánsson skipuleggi dagskrá heimsóknarinnar í samráði við formann hafnasambandsins.

14. Starfshópur um strandsiglingar - tillögur - 1202003HA

Guðmundur Kristjánsson gerði grein fyrir störfum nefndar sem hann hefur setið í á vegum innanríkisráðherra, en nefndinni var falið að leggja fram tillögur um hvernig standa megi að því að koma á strandsiglingum að nýju. Markmiðið með því að hefja strandsiglingar er að tryggja hagkvæma sjóflutninga á vörum innanlands og stuðla að lægri flutningskostnaði, jákvæðri byggðaðþróun með auknum tækifærum og samkeppnishæfni fyrirtækja á landsbyggðinni. Hópurinn skoðaði mögulega flutninga, greindi skipakost, áætlaðan rekstrarkostnað útgerða, viðkomuhafnir, tíðni ferða, áætlun um sjálfbært flutningsverð og önnur atriði sem skipt geta máli. Hópurinn fór yfir ýmsar skýrslur og greinargerðir sem fyrri starfshópar höfðu lagt fram og gerði markaðsrannsóknir í samvinnu við atvinnuþróunarfélög undir stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. Var kannaður áhugi flutningsaðila á strandflutningum svo og áhugi framleiðenda og annarra kaupenda vöruflutninga.

Niðurstaða hópsins er sú að leggja til að strandsiglingar verði boðnar út. Gerð hafa verið drög að rekstraráætlun fyrir skipið og undirbúin gögn fyrir hugsanlegt útboð en Ríkiskaup voru til ráðgjafar um þann þátt. Samkvæmt markaðsrannsóknum er líklegt að flytja megi í strandsiglingum rúmlega 70 þúsund tonn á ári til að byrja með. Flutningar muni aukast þegar þjónustan hefur fest sig í sessi. Miðað er við að skip sigli hringinn frá höfuðborgarsvæðinu umhverfis landið í viku hverri og sinni flutningum milli hafna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Gefur það möguleika á flutningi milli þessara hafna bæði á hráefni og afurðum fyrir framleiðslufyrirtæki en einnig á margs konar dagvöru fyrir verslun og þjónustu.

Fundi var slitið kl. 12:40.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Guðmundur Kristjánsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

ritari